

Mál nr. 257/2018**M og
váttryggingafélagið V vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar X****Ágreiningur um ábyrgð á tjóni er borað var í vatnslögn.****Gögn.**

Málskot móttengið 28. ágúst 2018, ásamt fylgigögnum 1 - 3.

Bréf V, dags. 17. september 2018, ásamt fylgiskjali.

Bréf M, dags. 18. september 2018.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að þann 17.10.2016 hafi starfsmenn X verið að vinna í húsnæði, þar sem M er með starfsstöð sína. Við vinnuna hafi m.a. þurft að bora í vegg. Boraði starfsmaður X í vatnslögn með þeim afleiðingum að vatn flæddi um fasteignina og tjón varð á fasteigninni og lausafé í eigu M. Talsverðan tíma tók að stöðva lekann þar sem starfsmenn X fundu ekki vatnsinntak hússins. Þurfti því að kalla til mann frá vatnsveitu sveitarfélagsins til að skrúfa fyrir vatnið.

Nokkur ágreiningur er um málsatvik en M heldur því fram að X hafi vanrækt að kynna sér lagnateikningar, staðsetningu lagna og staðsetningu vatnsinntaksins áður en vinna við verkið hófst. Einnig kveður M að starfsmenn X hafi sýnt af sér gáleysi við framkvæmdina, þar sem þeir hafi borað í gegn um lögnina þrátt fyrir að þeir hafi lent á augljósri fyrirstöðu. Samkvæmt M hafi mátt greina að starfsmenn X hafi verið að bora í lagnir því mikill hávaði hafi verið um allt húsið þegar steinbor lenti á járnrotri í einangruðum múrhúðuðum vegg. Telur M að vanur iðnaðarmaðurð hefði átt að átta sig á þessu strax og hætta að bora. Lagnalekann og aukið tjón sem rekja má til þess að illa gekk að staðsetja vatnsinntak hússins megi því rekja til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X á þeim grundvelli að tjónið verði rakið til óhappatilviljunar en ekki til saknæmrar háttsemi starfsmanna X eða annarra atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. Virðist V byggja á að starfsmenn X hafi gert allt sem í þeirra valdi stóð til að fyrirbyggja að til vatnstjóns kæmi. Þeir hafi m.a. leitað eftir lagnateikningum hjá byggingarfulltrúa til að fá upplýsingar um legu lagna í veggjum hússins, en engar slíkar tryggingar hafi fundist. Þá heldur V því fram að á starfsmenn X hafi fengið upplýsingar hjá eiganda hússins um það hvar neysluvatnsinntakið væri staðsett, svo hægt væri að loka fyrir vatn með hraði ef nauðsyn krefði. Það hafi ekki verið fyrr en starfsmenn X reyndu að loka fyrir vatnsinntakið að þeir uppgötvuðu að upplýsingarnar sem þeir höfðu fengið um staðsetningu inntaksins voru rangar.

Álit:

Almennt verður að leggja þá kröfu á iðnaðarmenn að þeir kynni sér hvar húsalagnir eru staðsettar áður en hafist er handa við að bora í vegg. Af gögnum málsins verður að teljast ljóst að starfsmenn X vanræktu þennan þátt starfsins, þar sem þeir höfðu ekki kynnt sér með fullnægjandi hætti hvar vatnslagnir hússins voru staðsettar. Þá er ljóst að starfsmenn X sannreyndu ekki hvar vatnsinntak hússins var staðsett áður en verkið hófst.

Að framangreindu virtu og með hliðsjón af atvikum öllum telst sannað að tjón M verður rakið til ófullnægjandi vinnubragða og gáleysis starfsmanna X. Ber X þar af leiðandi ábyrgð á því tjóni sem M varð fyrir vegna umrædds vatnsleka. M á því rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 23. október 2018

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon lögm.